

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 29. nóvember 2006 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 7⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2006 – önnur umræða.

Fyrir fundinum lá tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2006. Í tillöggunni er gert ráð fyrir að afkoma sveitarsjóðs sé talsvert betri en í upphaflegri áætlun sem stafar af því að tekjur eru almennt hærri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Fjárhagsáætlunin var samþykkt.

2. Skipulagsmál.

Fyrir fundinum lá minnisblað sem sveitarstjóri hafði tekið saman um stöðu aðalskipulags sem gildir til 2008. Sveitarstjóri lagði til að hafin verði undirbúningur að endurskoðun skipulagsins með því að fá fulltrúa Skipulagsstofnunar til að halda kynningarfund fyrir hreppsnefnd og skipulags- og byggingarnefnd. Samþykkt.

3. Önnur mál

Oddviti vakti máls á að taka þurfi upp samninga við Skagabyggð um aðild að ýmsum þjónustubáttum sem séu samnýttir. Oddvita og sveitarstjóra falið að taka upp samninga við fulltrúa Skagabyggðar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 8⁰⁰

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)